

5. Ákvæði til bráðabirgða.

- 5.1. Rannsókn skal fara fram á þeirri jarðvegsmengun sem orðið hefur á athafnasvæði fyrirtækisins af völdum PCB- og dioxín efna. Rannsaka skal jarðveg á umræddu svæði og vistkerfi sjávarins í nánd. Á grundvelli niðurstaðna verður tekin ákvörðun um hvaða aðgerðir séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir að þessi efni berist áfram út í umhverfið. Engar framkvæmdir eða starfsemi mega eiga sér stað á athafnasvæði fyrirtækisins sem torveldað gætu umrædda rannsókn eða aðgerðir vegna jarðvegsmengunar. Sýnatöku og rannsóknnum skal lokið eigi síðar en 21. júní 1991.

Umhverfissráðuneytið, 10. apríl 1991.

F. h. r.
Páll Líndal.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Nr. 168

REIKNINGUR

Tryggingasjóðs viðskiptabanka fyrir árið 1990.

Rekstrarreikningur 1. janúar – 31. desember 1990.

Tekjur:

Árgjöld viðskiptabanka	135 611 552
Verðbætur og vextir af verðbréfum	103 053 896
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	232 959
	<hr/>
Tekjur alls	238 898 407

Gjöld:

Stjórnarlaun	1 239 694
Annar rekstrarkostnaður	175 000
Verðbreytingagjöld	38 318 531
	<hr/>
Gjöld alls	39 733 225
Hreinar tekjur	199 165 182

Efnahagsreikningur 31. desember 1990.

Eignir:

Innistæða í Seðlabanka Íslands	14 271 803
Áfallnir vextir	972 908
Verðbréf	758 507 527
	<hr/>
	773 752 238

Eigið fé:

Frá fyrra ári	536 268 525
Hreinar tekjur skv. rekstrarreikningi	199 165 182
Verðbreytingagjöld	38 318 531
	<hr/>
	773 752 238

Áritun endurskoðenda

Ársreikning þennan fyrir Tryggingasjóð viðskiptabanka höfum við endurskoðað. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi 1990, efnahagsreikningi 31. des. 1990, ásamt skýringum. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og voru í því sambandi gerðar þær kannanir sem nauðsynlegar þóttu.

Að okkar áliti gefur ársreikningurinn skýra mynd af afkomu og efnahag sjóðsins fyrir árið 1990.

Reykjavík, 15. febrúar 1991,

Stefán Svavarsson,
lögg. endurskoðandi

Gunnlaugur Arnórsson,
aðalendurskoðandi
Seðlabanka Íslands

Áritun stjórnar

Reykjavík, 27. mars 1991.

Arnljótur Björnsson.

Ólafur Örn Ingólfsson.

Valur Valsson.

Staðfesting viðskiptaráðherra
Viðskiptaráðuneytið, 27. mars 1991.
Jón Sigurðsson.

10. apríl 1991

Nr. 169

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Mosfellsbæ.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Mosfellsbæ, sbr. 2. gr. samþykktar um hundahald í Mosfellsbæ nr. 470/1988 skal vera kr. 485,00 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði fyrir tímabilið 1. mars 1991 til jafnlengdar 1992. Gjaldið skal greiddast fyrirfram og óskipt fyrir allt tímabilið og eigi síðar en á eindaga sem er 1. júní. Heimilt er að reikna dráttarvexti af vangoldnum gjöldum.

2. gr.

Handsömunargjald verður sem hér segir:

Í fyrsta sinn	kr. 4 000,00
Í annað sinn	kr. 6 000,00
Í þriðja sinn og oftar	kr. 8 000,00

3. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Mosfellsbæjar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. apríl 1991.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.